

Sp.

311. Fyrirspurnir.

[171. mál]

I. Til menntamálaráðherra um fiskvinnsluskóla.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

Í lögum um fiskvinnsluskóla segir, að á árunum 1972—1975 skuli undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum. Hvað hefur menntamálaráðuneytið gert til undirbúnings þessum skólum?

II. Til samgönguráðherra um símaafgreiðslu vegna brunavarna, lækniþjónustu og löggæslu.

Frá Ragnari Arnalds.

Vill ekki hæstvirtur ráðherra póst- og símamála beita sér fyrir því af augljósum ástæðum, að í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem eru miðstöðvar brunavarna, lækniþjónustu og löggæslu fyrir nærliggjandi sveitir, verði framvegis opin símastöð allan sólarhringinn?

III. Til forsætisráðherra um bætur vegna snjóflóðs í Siglufirði.

Frá Ragnari Arnalds.

Þar eð fyrir liggur, að Brunabótafélag Íslands vill ekki bæta það tjón, er varð í Siglufirði 19. desember s. l., er tvö hús eyðilögðust í snjóflóði, og þar sem Viðlagasjóður hefur vísað frá sér vanda þeirra, sem þarna misstu heimili sín, en fjárhagsaðstoð frá Bjargráðasjóði yrði alls ófullnægjandi miðað við núverandi reglur hans, hlýtur þá ekki ríkisstjórnin að gera ráðstafanir til að tryggja þessu fólki viðunandi bætur?